

Mánudaginn 15. marz 1915.

Nr. 12/1915.

Réttvísir

gegn

Ara Þórðarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar með stefnu útg. 15. desbr. f. á. fyrir aukarétti Reykjavíkurkaupstaðar gegn ákærða, Ara Þórðarsyni búfræðingi hér í bænum, fyrir brot gegn 186 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Var málið dæmt í aukaréttinum 8. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru réttvísinnar, en sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun skipað verjanda ákærða Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessen, 15 krónur, skyldi greiðast af almannafé. Dómi þessum hefir verið skotið til yfir dómsins af hálfu réttvísinnar.

Sunnudagskveldið 18. okt. f. á. um kl. 11 kom ákærði að húsinu 20 a við Grettisgötu hér í bænum. Var ákærði nokkuð drukkinn. Í kjallaranum í húsi þessu bjó þá í einu herbergi kona ein, Guðrún Þorvaldsdóttur að nafni, með ungbörnum sínum fjórum á aldrinum frá 1 til 7 ára. En maður konunnar, sem er sjómaður, var ekki heima. Ákærði þekti konu þessa eigi annað en það, að hann hafði því-vegis heimtað af henni reikningsskuld, að upphæð 25 kr., er maður hennar skuldaði lækni einum hér í bænum, en ákærði hafði til innheimtu eða hafði

fengið sér framselda til eignar. Umrætt kveld, eftir að konan var gengin til hvíldar, var barið á dyrnar hjá henni, og tjáist hún fyrst eigi hafa ætlað sér að opna, en þá hafi ákærði nefnt nafn sitt, og hafi hún þá farið niður úr rúmi sínu, kveykt ljós og opnað og hleypt honum inn, því að hún hafi talið það heppilegra, af því að annars mundi ákærði hafa brotið upp dyrnar og mundi þá verða torveldara að fást við hann, er hann yrði í æstu skapi, þegar hann væri inn kominn, enda skynjaði hún þegar, að ákærði mundi vera drukinn. Þegar inn kom tók ákærði af sér hatt sinn og kápu, en Guðrún, sem tjáist hafa farið til dyra berfætt og í skyrtu einni og morgunkjól, fór þá upp í rúm sitt. Mælti ákærði til holdlegra samfara við Guðrúnu, en hún neitaði honum um það. Segir Guðrún, að ákærði hafi þá reynt að brjóta hana á bak aftur, þar sem hún sat í rúminu og verið í þann veginn að leggjast ofan á hana. Hafi hún þá sagt, að þetta dygði eigi, þau yrðu að slökkva ljósið og læsa dyrunum. Hafi ákærði þá hlaupið upp og slökt ljósið, en í sömu svipan hljóp hún út á götu berfætt og svo búinn sem áður segir. En herbergjaskipun virðist vera sú í húsi því, sem Guðrún bjó í, að hún hafði ástæðu til að ætla, að fólk það, sem annarstaðar býr þar, mundi eigi heyra til hennar, þó að hún kallaði á hjálp þar inn. Kveðst hún hafa sagt, að ljósið þyrfti að slökkva og loka dyrunum í því skyni að sleppa undan ákærða. Á götunni náði Guðrún í tvo unglingsmenn, bað þá hjálpar með þeim ummælum, að ákærði, sem einnig fór út og elti hana, hafi ætlað að nauðga henni.

Siðan fóru þau öll fjögur inn í herbergi Guðrúnar, og bar Guðrún það þá upp á ákærða, að hann hefði ætlað að nauðga henni. Svaraði hann því með þeirri spurningu, hvers vegna hún hefði skipað honum að slökkva ljósið, en hún kveðst hafa gert það til þess að sleppa undan honum. Og vildu mennirnir fá ákærða til þess að fara út, en hann var fyrst tregur til þess, en fór þó loks með góðu.

Daginn eftir, mánudaginn 19. okt. f. á., kom ákærði aftur til Guðrúnar og vildi fá að tala við hana undir fjögur augu.

En svo hittist á, að hjón ein úr bænum voru stödd hjá Guðrúnu, þegar ákærði kom þangað að þessu sinni, og heyrðu þau á samtali ákærða og Guðrúnar. Sagðist ákærði þá vera kominn til þess að biðja hana fyrirgefningar á því, sem fram hefði farið á milli þeirra síðastliðna nótt og bauð Guðrúnu að kvitta áðurnefndan reikning, ef hún sættist við hann. En Guðrún sagði þá, að það hefði verið lítill vegur, að hún hefði fyrirgefið honum verknað hans við hana, en alls enginn að hún fyrirgæfi honum þau orð, er hann hefði haft við hana síðastliðið kveld. Ákærði þagði þá fyrst og lézt eigi muna þau orð, en mælti síðan: »Þó eg kæmist ekki í klofið á þér í nótt, þá komst eg það í fyrri«. Ákærði hefir neitað því, að hann hafi beitt nokkru líkamlegu ofbeldi við Guðrúnu í því skyni að þröngva henni til samræðis við sig, eða að hann hafi viðhaft áðurnefnd orð við hana, eða að hann hafi sagst vera kominn til þess að biðja hana fyrirgefningar. Ennfremur heldur ákærði því fram, að hún hafi ekkert haft á

móti því að leyfa honum samræði við sig, þar til hún stökk alt í einu upp úr rúminu og út á götu. Gegn synjun ákærða verður eigi heldur staðhæft, að hann hafi haft í frami líkamlegt ofbeldi við konuna í því skyni að nauðga henni, enda er sök eigi heldur höfðuð á hendur honum fyrir nauðgun. Hins vegar hefir ákærði viðurkent, að hann hafi falað konuna til samræðis. Svo verður og að telja það sannað, að hann hafi komið daginn eftir til þess að biðja hana fyrirgefningar á framkomu sinni kveldinu áður, og að hann hafi boðið henni að kvitta reikninginn til sátta við hana, svo og að hann hafi haft áðurtéd orð við hana. Bendir sú aðferð ákærða á það, að hafi sjálfur talið sig hafa misgert við konuna, svo og það, að hún flýr úr herbergi sínu á næturþeli fáklædd út á götu undan ákærða til að leita sér hjálpar gegn honum, og ákærði neitar því eigi heldur, er þau komu inn aftur, að hann hafi haft tilburði í þá átt að hafa samfarir við hana. En sýnist að eins færa sér það til varnar, að hún hafi skipað honum að slökkva ljósið og þar með óbeinlínis lýst samþykki sínu á því að hafa holdleg mök við hann. Þegar þess er gætt, að Guðrún hefir, eftir því sem fram er komið í málinu, ekkert lauslætisorð á sér, og að ákærði hafði engin þau kynni haft af henni áður, er gæfu honum ástæðu til að ætla, að hún væri fús til samfara við hann, og að það, að hún opnaði fyrir honum herbergi sitt á þessum tíma sólarhrings eða annað atferli hennar við umrætt tækifæri, verður eftir atvikum ekki skoðað samþykki frá hennar hálfu honum til handa, um samfarir eða annað sauruglegt

athæfi gagnvart henni, þá virðist ákærði með framferði sínu hafa gerst sekur um brot, er heyrir undir 186. gr. almenna hegningarlaga. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. nóv. 1875, að því er hann hefir skýrt frá í rannsókn málsins, og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu. Þykir refsing sú, er ákærði hefir til unnið, hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessen, 15 krónur, og málflytningulaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi 15 krónur til hvors.

Það er athugavert að héraðsdómarinn hefir eigi útvegað skirnarvottorð ákærða í þessu máli, enda þótt hægt væri án minstu tafar málinu, og eigi hefir undirdómarinn heldur látið fylgja dómsgjörðunum vottorð það um útlit ákærða, er í tilsk. 3. júní 1796, 38. gr. getur. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í héraði verið víðaláus, og flutningur þess fyrir yfirdómi hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ari Þórðarson, á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði ákærði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í héraði, Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessens, 15 krónur, og

málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 15. marz 1915.

Nr. 52/1914

Einar Gunnarsson
gegn
Guðmundi Magnússyni

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Guðmundur skáld Magnússon, í héraði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 23. máí f. á., gegn áfrýjanda, Einari Gunnarssyni fyrverandi ritstjóra, út af ummælum í blaðinu »Vísir« 18. marz f. á. er stefndi taldi meiðandi og móðgandi í sinn garð. Eru ummælin í grein með fyrirsögn: »Skíðamenn«. Var áfrýjandi þá útgefandi og ábyrgðarmaður téðs blaðs, en grein þessi er með gerfinafninu »Runólfur« undir, og ber áfrýjandi því ábyrgð á efni hennar. Í héraði var málið dæmt á bæjarþinginu 13. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að nokkur hinna átöldu ummæla voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur í 25 kr. sekt fyrir þau, en til vara skyldi hann sæta 4 daga